

Atvinnublaðið

Morgunblaðið mbl.is FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246



Brunavarnir Suðurnesja (BS) sjá um slökkvilið og sjúkraflutninga á Suðurnesjum. Hjá BS starfa um 60 slökkviliðs- og sjúkraflutningafólk ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Starfsstöðvar BS eru staðsettar í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Sveitarfélaginu Vogum og Grindavíkurbæ.

Brunavarnir Suðurnesja Slökkviliðsstjóri

Við leitum að framsýnum og lausnamiðuðum leiðtoga í starf slökkviliðsstjóra til þess að efla og leiða starfsfólk okkar áfram með ábyrgum hætti. Slökkviliðsstjóri er í forystu að stýra fólki til árangursríkra vinnubragða og brúa vinnustaðarmenningu með áherslu á framúrskarandi árangur. Lykilþættir í okkar starfi eru frumkvæði, ábyrgð og öryggi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veitir forystu í daglegum rekstri og gætir jafnvægis milli fjárhagslegra og samfélagslegra sjónarmiða.
- Veitir fjölbreyttum hópi starfsfólks ábyrgð og umboð og virkjar frumkvæði þess.
- Tryggir að starfsfólk sé í stöðugri þjálfun og sækir sér fræðslu sem nýtist í starfi.
- Sér um samskipti og upplýsingagjöf til stjórnar.
- Er í forsvari fyrir Brunavarnir Suðurnesja, kemur fram fyrir hönd þeirra og viðheldur góðum samskiptum við sveitarstjórnir og aðra hagaðila.

Helstu hæfniskröfur:

- Slökkviliðsstjóri skal hafa hlotið löggildingu sem slökkviliðsmaður og starfað að lágmarki í eitt ár í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður eða hafa háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum.
- Þekking á starfsumhverfi slökkviliðs og sjúkraflutninga og reynsla af störfum innan þess.
- Önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Farsæl reynsla af því að stýra hópi til árangurs.
- Reynsla af rekstri og áætlanagerð.
- Reynsla af starfi í kröfuhörðu umhverfi og hæfni til að taka erfiðar ákvarðanir undir álagi.
- Reynsla og þekking á öryggis-, heilsu- og jafnréttismálum á vinnustað.
- Framúrskarandi samskiptafærni, heilindi og jákvæðni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Forritari

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir forritara sem gæti sinnt fjölbreyttum þróunar- og hugbúnaðarverkefnum í landbúnaði

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þátttaka í þróunarteymum RML sem sinna hugbúnaðargerð og upplýsingatækni
- Forritun og hugbúnaðargerð
- Prófanir
- Vinna við Oracle gagnagrunna
- Önnur verkefni s.s. líkanagerð í Excel og þróunarverkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun kostur
- Þekking eða framhaldsmenntun á sviði tölvunarfræði eða verkfræði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Þekking og reynsla í eftirfarandi er æskileg
 - Python (Django og Flask)
 - Oracle (PL/SQL)
 - Javascript, jQuery o.fl.
- 3+ ára starfsreynsla æskileg

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á tölvunarfræði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði til að vinna að þróun á hvers kyns tæknilausnum fyrir landbúnað. Æskilegt að umsækjandi búi á Akureyri en er þó ekki skilyrði.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafar-fyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfstöðvar eru dreifðar um landið. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí.

Umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og verður öllum umsóknum svarað. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri kk@rml.is og Þorberg Þ. Þorbergsson verkefna-stjóri fjármála og tæknisviðs thorberg@rml.is.

Sölu- og markaðsstjóri



Ferðaþjónusta bænda hf. leitar að sölu- og árangursdrifnum leiðtoga til þess að stýra sölu- og markaðsmálum fyrir vörumerki fyrirtækisins Hey Iceland og Bændaferða. Viðkomandi situr í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og heyrir undir framkvæmdastjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón með sölu- og markaðsmálum fyrirtækisins
- Mótun sóknar- og markaðsáætlaða ásamt fjárhagsáætlunum þeim tengdum
- Greining tækifæra og þarfa á mörkuðum vörumerkja
- Gegna leiðandi hlutverki í vörubrúun og nýsköpun
- Hugmyndavinna og mótun framtíðarsýnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Reynsla á sviði sölu- og markaðsmála ásamt viðtækri þekkingu á ferðaþjónustu
- Leiðtogaþæfni, lausnamiðun og sköpunargleði
- Lípurð í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri
- Sölu- og árangursdrifinn
- Þekking á helstu greiningartólum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, í máli og riti

Sótt er um starfið á hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hallveig Hafstað Haraldsdóttir, hallveig@hagvangur.is.

hagvangur.is



Útfararstjóri

Útfararstofa Kirkjugarðanna óskar eftir að ráða starfsmann í útfararþjónustu.

Helstu verkefni

- Almenn þjónusta við ástvini vegna andláts
- Flutningur af dánarstað í líkhús
- Kistulagning hins látna
- Þjónusta við útfararathafnir
- Önnur verkefni tengd útfararþjónustu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýttist í starfi
- Reynsla af þjónustustarfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Frumkvæði, nákvæmni, samviskusemi og öguð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hreint sakavottorð



Útfararstofan er sjálfstætt og framsækið þekkingarfyrirtæki í eigu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Hjá fyrirtækinu starfar öflugt teymi reynslumikils fagfólks.

Upplýsingar um Útfararstofuna má finna á utfor.is



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk.

Nánari upplýsingar veitir Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is.

hagvangur.is



Pantaðu pláss fyrir þína atvinnuauklýsingu á
atvinna@mbl.is

Viltu vinna í fallegu umhverfi með góðu og skapandi fólki?



Fjarðabyggð er fjölkjarna sveitarfélag með um 5300 íbúa. Sveitarfélagið er heilsueflandi og barnvænt samfélag með áherslu á góða þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Sveitarfélagið er rómað fyrir náttúrufergurð og fjölbreytta útivistarmögu-leika. Í Fjarðabyggð eru þrjár tónlistarskólar, fjórir grunnskólar, fjórir leikskólar og einn samrekin leik- og grunnskóli. Mikið og gott samstarf er milli skólanna og öflug miðlæg skólalþjónusta með reglulega viðveru í skólunum.

Fjarðabyggð leitar eftir kröftugum einstaklingum til að koma og starfa með öflugum hópi starfsmanna í leik-, grunn- og tónlistarskólum Fjarðabyggðar.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar inná ráðningarvef Fjarðabyggðar: starf.fjarðabyggd.is



Sótt er rafrænt um starfið á ráðningarvef Fjarðabyggðar - starf.fjarðabyggd.is



FJÖLMIÐLANEFND

Lögfræðingur hjá Fjölmiðlanefnd

Ertu að velta fyrir þér hvernig upplýsingar dreifast og samspili fjölmiðla og samfélagsmiðla? Hefur þú tekið eftir öllum þeim breytingum sem orðið hafa á því hvernig almenningur myndar sér skoðun með tilkomu nýrra miðla og tæknibreytinga?

Fjölmiðlanefnd óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnáskilunefnd sem annast eftirlit með lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, eftirlit með lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu nr. 23/2013 og eftirlit með lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006 og annast daglega stjórnáskilun á því sviði.

Starfssvið:

- Almenn lögfræðistörf
- Þátttaka í stefnumörkun
- Samskipti við stjórnáskilun
- Þátttaka í norrænu og evrópsku samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kandidats- eða meistaraþróf í lögfræði er skilyrði (hafa lokið 5 ára lagánámi)
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að rita vandaðan texta er skilyrði
- Þekking á sviði stjórnáskilun og starfsreynsla innan stjórnáskilun er æskileg
- Þekking og reynsla á sviði fjölmiðlaréttar er æskileg
- Góð enskukunnátta er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli er æskileg

- Rík áhersla er lögð á styrkleika í samvinnu og samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum

Frekari upplýsingar um starfið:

Um starfskjör starfsmanna fjölmiðlanefndar fer eftir gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Stéttarfélag lögfræðinga hefur gert. Um er að ræða krefjandi og áhugavert starf sem reynir á lögfræðilega getu og kunnáttu. Í boði er starf í sibreytilegu og spennandi umhverfi.

Áskilið er að umsóknir og fylgigögn berist rafrænt á netfangið postur@fjolmidlanefnd.is. Með umsókn skal fylgja itarleg ferilskrá ásamt prófskirteini og kynningarbréf þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni eru hvattir til að sækja um starfið. Umsóknir gilda í allt að sex mánuði.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veitir:

Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri í síma 415 0415 og elfa@fjolmidlanefnd.is

Umsóknarrestur er til og með 30. maí 2024.



Hringssjá
Náms- og starfsendurhæfing

Félagsráðgjafi

Hringssjá náms- og starfsendurhæfing óskar eftir félagsráðgjafa til starfa. Leitað er að jákvæðum og skipulögðum félagsráðgjafa í 80 -100% starf eða eftir samkomulagi.

Hringssjá er starfsendurhæfingarstöð og felst endurhæfingin í einstaklingsmiðuðu námi í formi styttri námskeiða, námsbrauta eða einingabæru námi með sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi. Í Hringssjá starfar samhentur hópur og áhersla er lögð á þverfaglega teymisvinnu.

Starfið er fjölbreytt, krefst faglegra vinnubragða og sjálfstæðis í starfi.

Starfið krefst samskiptafærni til að geta átt samskipti við ólíka einstaklinga með mismunandi þarfir.

Starfið krefst góðrar kunnáttu í íslensku og ensku. Önnur tungumál s.s. spænska er mikill kostur.

Umsókn fylgi ferilskrá ásamt afriti af prófskirteinum og starfsleyfi sendist á netfangið helga@hringsja.is. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 15. ágúst.

Helstu verkefni og ábyrgð

Félagsleg ráðgjöf og umsjón með endurhæfingaráætlunum þátttakenda á matsbrautum og námsbraut fyrir fólk með erlenda bakgrunn. Samskipti við helstu þjónustukaupa s.s. VIRK starfsendurhæfingarsjóð og Vinnuálagstofnun.

Menntunar- og hæfniskröfur

Viðurkennt háskólapróf í félagsráðgjöf.


Fríðindi í starfi

Starfsemi fylgir að hluta skólalagatali hjá grunnskólum Reykjavíkur þ.e. páskafrí, jólafrí og vetrarfrí á sama tíma. Vinnuvika fólks í fullri vinnu er 36 stundir.

Viðkomandi mun taka þátt í mótun nýrrar námsbrautar hjá Hringssjá fyrir fólk með erlenda bakgrunn sem áætlað er að fara af stað með í janúar 2025.

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta

Við leiðum fólk saman



havgangur.is



HAVANGUR

Atvinna

Fáðu meira út úr þinni atvinnuauðgýsingu!



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út tvisvar í viku. Á fimmtudögum í aldreifingu og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef **mbl.is** og á **finna.is**. Aðeins er greitt eitt verð.

Fjórir snertifletir – eitt verð!

1

Morgunblaðið
fimmtudaga

2

Morgunblaðið
laugardaga

3

mbl.is
atvinna

4

finna.is
atvinna

110.000 manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri (fimmtudag og laugardag).*

Mbl.is er með 2,2 milljón flettinga á dag og 15,4 milljón flettinga á viku.**

*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023
**Topplisti Gallup í ágúst 2023



Morgunblaðið **mbl.is** FINNAQ

Raðauglýsingar

Tilkynningar



RANGÁRÞING YTRA

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar skipulagsáforma að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028.

Galtalækjarskógur L165042 og Merkihöll L192626.

Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir jarðirnar Galtalækjarskóg og Merkihöll í Landsveit. Landnotkunarflokkar sem breytingin nær til og fá breytta lögun eru þessir: Reitur AF5 (Afþreyningar- og ferðam.sv.) fellur út. Í hans stað kemur nýr reitur F82 Fristundahús. Fristundahúsareitur F43 færirst til norðurs. Reitur OP1 (Opin svæði) breytist og stækkar umtalsvert. Reitur VP7 (Verslun- og þjónusta) fær jafnframt breytta lögun. Jafnframt er óskað eftir heimild til deiliskipulagsgerðar þar sem gert verði ráð fyrir allt að 50 fristunda/orlofshúsum á F43 og F82 og allhliða ferða- og gistinguástandu á VP7 með byggingu allt að 1500 m² gistihúss ásamt allt að 50 gistiskálum til útleigu.

Lerkihölt L195063 og Minna-Hof. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Svæðin sem breytingin nær yfir er annars vegar Meiri-Tunga land L195063 (Lerkihölt) og hins vegar 5 lóðir úr Minna-Hofi á Rangárvöllum. Bæði svæðin eru skilgreind landbúnaðarsvæði og eiga að breytast í íbúðarsvæði með möguleika á fastri búsetu og rekstri ferðaþjónustu.

Geitasandur og land úr Geldingalæk. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Svæðin sem breytingin nær til eru Geitasandur (L199603) og Geldingalækur (L164490). Jarðirnar eru samanlagðar um 3476,7 ha að stærð. Varðandi Geitasand er gert ráð fyrir að fella út hluta af skógræktar- og landgræðslusvæði SL5 innan Geitasands (L199603), en heildarstærð svæðisins (SL5) er um 1010 ha og mun allt að þriðjungur þess verði breytt og skilgreint í staðinn sem landbúnaðarsvæði. Um að ræða land í nágrenni svifflugvallarins á Geitamel. Flugbraut / lendingarstaður FV4 innan svæðisins helst óbreytt. Varðandi Geldingalæk er gert ráð fyrir að breyta landbúnaðarsvæði syðst í landi Geldingalækjar (L164490), svokallað Stórholt í um 140 ha skógræktar- og landgræðslusvæði.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar sameiginleg lýsing skipulagsáætlunar að breytingu á landnotkun og deiliskipulagi:

Norður Nýibær. Breyting á landnotkun og skilgreiningu VP23 í aðalskipulagi.

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytingar á landnotkun fyrir lóðina Norður Nýibæ í Pykkvabæ. Fyrirhugað er að stækka verslunar og þjónustusvæðið VP23. Gert er ráð fyrir stækkun núverandi hótellbyggingar í allt að 5000 m², á allt að 3 hæðum. Innan verslunar- og þjónustusvæðisins verður eining gert ráð fyrir hreinlegri iðnaðarstærð s.s. smíðaverkstæði. Fyrirhugað er að heimila stækkun núverandi aðstöðu í allt 1500 m². Heimiluð verði fóst búsetu innan svæðis í allt 12 litlum íbúðum. Í rað- og/eða parhúsum. Gert verður ráð fyrir nýju íbúðarsvæði með allt að 3 íbúðarhúsalöðum á L219861 Norður Nýibær lóð. Gert verður ráð fyrir allt að þremur nýjum aðkomuvegum inn á skipulagsáætlun.

Lýsingarnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 23. maí nk.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum

Jarlsstaðir, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 að auglýsa tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi frá 26.3.2020 fyrir Jarlsstaði, þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, hesthúss og skemmu, verði breytt. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að mörk deiliskipulagsvæðis og lóðamörk lóða breytist. Lóðamörk lóðar 1 sem áður teygði sig til norðausturs meðfram ánni breytast. Lóðin stýttist til norðausturs meðfram ánni en í staðinn stækkar lóðin til norðausturs að aðkomuvegi svæðisins. Lóðastærð er óbreytt. Lóðamörk lóðar 2 breytast lóðin minnkar úr 11,44 ha í 8,30 ha. Mörk skipulagsvæðis breytist til samræmis við breytta lóð og nær til lóða 1 og 2. Að öðru leyti gilda eldri deiliskipulagskilmálar

Efra-Sel 3C, deiliskipulagi (Endurauglýsing)

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Austursel, spíldu úr Efra-Seli. Breyting á aðalskipulagi þar sem gerð var breyting á landnotkun hefur tekið gildi með auglýsingu í B-deild. Deiliskipulagið mun gera ráð fyrir byggingu íbúðarhúss ásamt tilheyrandi uppbyggingu. Tillaga var auglýst frá og með 4. janúar 2023 til og með 15. febrúar 2023. Aðkoma er af Bjallavegi (272) og umferðarréttur um aðkomuveg sem liggur um lóðina. Vegna tímamarka í skipulagsreglugerð þarf að fjalla um tillöguna að nýju.

Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 20. júní 2024.

Peir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

mbl.is - 200 mílur

Tilkynningar



Skipulagslýsing vegna breytinga á deiliskipulagi

Kringlan – deiliskipulag á fanga 1, 2 og 3 – skipulagslýsing

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. maí 2024 var samþykkt að kynna skipulagslýsingu 1., 2. og 3. áfanga Kringlusvæðis, dags. í apríl 2024. Skipulagslýsingin nær til breytinga á deiliskipulagi Kringlunnar sem samþykkt var í borgarráði 13. maí 1986 m. s. br. og gildir fyrir 1., 2. og 3. áfanga uppbyggingar skv. rammaskipulagi Kringlunnar. Unnið verður deiliskipulag fyrir hvern áfanga fyrir sig út frá þeim megin markmiðum sem sett eru fram í deiliskipulagslýsingu þessari og byggja á markmiðum rammaskipulags að teknu tilliti til forsendubreytinga sem tilkomnar eru eftir að rammaskipulag var samþykkt og útlitaðar verða hér á eftir. Í 1. áfanga er um að ræða uppbyggingu á lóðum nr. 1-3 við Kringluna, þar sem standa tvær byggingar sem áður hóstu skrifstofur og prentsmiðu Morgunblaðsins, ásamt lóð nr. 5 þar sem skrifstofubýgging Sjóvá stendur. Áfangi 2 er að stærstum hluta á lóð nr. 7, þar sem byggingar VR standa, og 3. áfangi verður að hluta til á lóð nr. 7 og að hluta til á borgarlandi norðan lóðar. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 6. júní 2024 í gegnum Skipulagsgáttina <https://skipulagsgatt.is/> en þar er einnig hægt að skoða skipulagslýsinguna.

Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík

Smáauglýsingar

569 1100

Sumarhús



Sumarhús – Heilsársús Gestahús – Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsársús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið, **Trésmiðja Heimis, Porlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is**

Bílar



VW Polo Comfort árg. 2019
Til sölu, Ekinn 122 þús. km. Sjálfskiptur. Vetrardekk fylgja. Verð kr. 2.190 þús.
Upplýsinar í síma 866 0784.



Smart 1 Pulse árgerð 2023
Ekinn aðeins 2500 km. Drægni á fullri hleðslu um 400 km. Leðurseti og hláðinn aukabúnaði. Nánast eins og nýr. Verð kr. 5.950.000.
Bílaþan.is - s. 952-6000

Byggingar

Byggingafyrirtæki getur bætt við sig verkom

Uppslátt á húsum og sökklum, **Þakendurbætur**, tek niður pantanir fyrir næsta ár 2024, geri tilboð í verk.
Stálgrindarhús, geri tilboð, er í samstarfi við innflutningsaðila.
Sumarhús, breytingar eða byggja nýtt hús, geri tilboð.
Nánari upplýsingar. Bjóssi smíður á google, s 893-5374
nybyggd@gmail.com

Til sölu



LiFePO4 rafgeymar til sölu:
12 volta 100 Ah kr. 94,845 m/vsk
12 volta 200 Ah kr. 165,981 m/vsk
12 volta 300 Ah kr. 248,886 m/vsk
Nánari upplýsingar á LiTime.com og Youtube



Merbau pallaefni (mahogany) 21x145mm Verð tilboð



Bankirai pallaefni (parket) 21x145mm Verð tilboð
Cumaru panill 10x90mm og pallaefni 21x90mm, 21x140mm
Penofin harðvöðull 3,8 litrar

Indus ehf Öseyrarbraut 2 Hafnarf. opið 10-14 virka daga
magnus@indus.is
gsm: 660 0230 Magnús

Húsviðhald

Húsviðgerðir
www.husco.is
Sími 555 1947
Gsm 894 0217

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK FLOTUN - SANDSPARSL MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum
Tímavinna eða tilboð

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Málarar

Málarar

Tökum að okkur öll almenn málningsverkefni við erum faglerðir málar með mikla reynslu. Sangjarnir í verðum, Hafið samband síma 782-4540 eða lögillturmalari@gmail.com

Ýmislegt

Skönnun og ljósritun



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skipandi fólk

Smáauglýsingar

Sandblástursfilmur

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skipandi fólk

Inni og útskilti

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skipandi fólk

RollUp & BannerUp

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skipandi fólk

STAFREIN Framköllun

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skipandi fólk

Sólarfilmur

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skipandi fólk

Sálmaskrár

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skipandi fólk

Teikningaprentun

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skipandi fólk

Sálarannsóknarfélag Reykjavíkur



Síðumúla 31
588 6060 og 894 4014

Félagið býður uppá miðleinkatíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmi og hugsanlega miðlshæfileika, söfnun dulrænna reynslusaga, ásókn o.fl o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a. **Þorhallur Guðmundsson miðill**. - Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

Svörum í síma frá kl. 13-18 flesta daga ársins

SRFR.

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 23-250 þús.

Hringdu S. 615 1810
eða sendu sms og við höfum samband

Hljóðfærir

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Garðar

SLÁTTUVÉLAVIÐGERDIR & SMÁVÉLAVIÐGERDIR

Öll almenn jámsmiði - Sláttuorfl Slátturaktorar - Dælur - Jarðvegsþjappur Rafstöðvar - Kerusmiði - Sláttuorfl Keðjusagir - Hekklippur

Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum



SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Skemmurvegur 34, 200 Kópavogur
Netfang: velaverkstadi@skemmur.is
Símar: 554 0661 - 897 4996 - 699 2502



Peugeot Boxer 2022
Nýr óekinn eftirárs bíll. 2.2 L Diesel 140 h.h. Hrikalega þægilegur í akstri. Klæddur í vörusým, Dráttarkörur. Tilboðin í slaginn.
Verðið er aðeins 5.510.000 án vsk.



www.sparibill.is
Hátúni 6 A – sími 577 3344.
Opíð kl. 10-18 virka daga.